

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 1992

14. september 1992

685

Nr. 333

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 89, 2. mars 1992,
um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nemi samanlagðar aflaheimildir sem útgerð skips á forkaupsrétt á skv. 1. mgr. þessarar greinar minna en 100 kg í þorskígildum talið fellur forkaupsréttur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. september 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

8. september 1992

Nr. 334

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi nr. 544/1986 fyrir Fiskmjölsverksmiðju
Vestmannaeyja (FIVE) og breyting á því starfsleyfi nr. 59/1992.

1. gr.

4. gr. 2. tl. orðist svo:

4.2. Frágangi lyktheyðingarbúnaðarins fyrir útblástur frá þurrkurum, sbr. gr. 2.10., skal lokið fyrir 31. desember 1993. Fyrirtækið skal fyrir 1. júní 1993 upplýsa Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Vestmannaeyja skriflega um stöðu mála varðandi undirbúning og uppsetningu lyktheyðingarbúnaðarins.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, með stöð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 8. september 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Steindórsprent Gutenberg hf.